



Reykjavík, 6. maí 2004

**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK**

Efni: Þingmál 765- Þingsályktunartillaga um varðveislu Hólavallagarðs.

Árið 1999 beitti skipulagsnefnd kirkjugarða (nú kirkjugarðaráð) sér fyrir því að myndaður var vinnuhópur um þróun Suðurgötukirkjugarðs (Hólavallagarðs).


Hlutverk vinnuhópsins var m.a. að skoða hvernig best væri að varðveita og viðhalda garðinum um komandi framtíð, auk þess að láta fara fram úttekt á ýmsum þáttum eins og minningarmörkum og gróðri svo hægt væri að vinna deiliskipulag að garðinum.

Ástæður þess að skipulagsnefnd kirkjugarða óskaði eftir að farið yrði í þessa vinnu voru, að hægt væri á hlutlausan hátt að gera sér grein fyrir þeim menningarsögulegu verðmætum sem fylgnar eru í garðinum og einnig að meta núverandi ástand garðsins.

Kirkjugarðaráð lýsir því ánægju sinni með framkomu þingsályktunartillögu um varðveislu Hólavallagarðs, og sér hana sem eðilegt framhald að vinnu þeirri sem vinnuhópur um þróun Hólavallakirkjugarðs hefur unnið að á undanförmum árum.

Ráðið telur mikilvægt að væntanleg nefnd vinni í góðu samstarfi við þróunarhópinn. Ennfremur að tryggt verði nægilegt fjármagn til að setja kraft í þá vinnu sem nauðsynleg er, til að Hólavallagarður standi undir nafni sem einn af merkustu kirkjugörðum í Norður-Evrópu.

Virðingarfyllt,
f.h. kirkjugarðaráðs


Guðmundur Ráin Sigurðsson,
framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs



FORNLEIFAVERND RÍKISINS

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2388
komudagur 8.5.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

bt. Allsherjarnefndar

Garðabæ, 7. maí 2004

*Efni: Tillaga til þingsályktunar um varðveislu Hólavallagarðs.
Þingskjal 1153 – 765 mál.*

Óskað hefur verið umsagnar Fornleifaverndar ríkisins vegna þingsályktunartillögu um varðveislu Hólavallakirkjugarðs í Reykjavík.

Fornleifavernd ríkisins fagnar þingsályktunartillögunni og öllum þeim ákvörðunum sem stuðla að varðveislu minja og jurtaflóru í Hólavallagarði. Hólavallagarður er afar merkilegur kirkjugarður og mikilvægur fyrir íslenska sögu og listsköpun.

Fornleifavernd ríkisins vill vekja athygli á að þróunarnefnd kirkjugarðsins hefur unnið afar merkilegt og gott starf undanfarin ár. Meðal annars við að móta stefnu til verndunar garðinum. Telur stofnunin nauðsynlegt að þróunarnefndinni sé gert fært að halda slíku starfi áfram. Ef af skipan nefndar um menningarlegt gildi kirkjugarðsins verður, telur Fornleifavernd ríkisins mikilvægt að meðal hlutverka slíkrar nefndar verði að tryggja fjármagn til varðveislu minjanna í garðinum. Forvarsla og öll varðveisla minningarmarkanna er kostnaðarsöm og er nauðsynlegt að hægt sé að ganga að vísu fjármagni til slíkra verkefna. Þá telur Fornleifavernd ríkisins eðlilegt að fulltrúi með þekkingu á gróðurfari garðsins sitji í nefndinni.

Það er mat Fornleifaverndar ríkisins að þrátt fyrir að ekki sé vísað sérstaklega til garða í þjóðminjalögum nr. 107/2001 þá veiti lögin þrátt fyrir það svigrúm til að friðlýsa slíkar minjar. Í 9. gr. laganna eru nefndar leifar sem teljast til fornleifa. Þar segir í upphafi greinarinnar:

*„Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:
a. búsetulandslag.....g. minningarmörk í kirkjugörðum.....h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið...Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.“*

Skv. 11. gr. laganna getur Fornleifavernd ríkisins friðlýst ofangreindar minjar, en skv. þjóðminjalögum eru allar minjar eldri en 100 ára friðaðar (9. -10. gr.).

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, sem fara með yfirumsjón Hólavallagarðs, hafa sinnt garðinum afar vel. Árið 2002 gerðu Fornleifavernd ríkisins og kirkjugarðarnir með sér samning sem fólst í að skrá allar minjar í garðinum í tengslum við deiliskipulagsvinnu. Greiðsla frá kirkjugörðunum gerði þannig Fornleifavernd ríkisins kleift að ráða starfsmann til verksins. Af um 20 þúsund minjum sem starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins hefur skráð í garðinum undanfarin tvö ár eru einungis nokkur hundruð yfir 100 ára og því undir vernd Fornleifaverndar ríkisins skv. þjóðminjalögum. Samstarf stofnananna hefur gengið afar vel.

Vakin skal athygli á að þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað undanfarin ár hefur Fornleifavernd ríkisins enn sem komið er ekkert stöðugildi fyrir starfsmann til að sinna málefnum kirkjugarða eða kirkjuminja, svo sem stofnuninni ber skv. 9. gr. og 20. – 23. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Svo stofnunin geti sinnt þessu stjórnarsýsluhlutverki sínu lögum samkvæmt og unnið skipulega að skráningu og mati á minjagildi kirkjugarða landsins er nauðsynlegt að tryggja stofnuninni fjármagn.

Virðingarfyllst,



Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður



Alþingi
Erindi nr. P 130/2390

komudagur 7.5.2004

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Fossvogi · 105 Reykjavík · Ísland · Sími 585 2700 · Telefax 585 2701

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2004.

Engin athugasemd er gerð við tillöguna sjálfa.

Greinargerð.

Á bls. 3 undir liðnum „Verkefni nefndarinnar“ stendur í 3. greinarskilum: „Nefndin þarf að meta undir hvaða stofnun eða stofnanir garðurinn skuli heyra.“

Bent skal á að kirkjugarðar, sem grafið er í, eru á ábyrgð og undir stjórn viðkomandi kirkjugarðs-stjórnar. Á sl. ári voru teknar 28 grafir í Hólavallagarði, þar af 27 duftgrafir. Reiknað er með að svipaður fjöldi grafa verði tekinn í garðinum næstu áratugi og fari fjölgandi ef líkbrennsla eykst.

Allt árið um kring er garðurinn í umsjón og viðhaldi og þar er starfsmaður til staðar í þjónustuhúsi hluta dags og yfir sumartímann er allri umhirðu stýrt frá garðyrkjudeild Kirkjugarða Reykjavíkur-prófastsdæma (KGRP) og þar eru 15 starfsmenn við umhirðu yfir sumartímann.

Á bls. 3, neðstu greinarskilum, stendur: „Hólavallagarður er undir yfirumsjón Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, en stofnuð hefur verið þróunarnefnd skipuð fulltrúum frá Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofu¹ og Reykjavíkurborg, auk KGRP, sem er til ráðgjafar við að móta verndarstefnu í garðinum.

KGRP höfðu frumkvæði að stofnun þróunarnefndar sem hefur það verkefni að varðveita sem best þau menningarverðmæti sem í garðinum eru. KGRP hafa frá upphafi átt tvo menn í nefndinni.

Þann 20. nóvember 1998 efndu KGRP til fundar um Hólavallagarð. Fundinn sátu Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri skipulagsnefndar kirkjugarða, nú kirkjugarðaráðs, Einar E. Sæmundsen, landslagsarkitekt, Sigurjón Jónasson, rekstrarstjóri, KGRP, og Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri, KGRP. Rætt um nauðsyn þess að nefnd yrði skipuð, sem hefði það hlutverk að stýra þróun, breytingum og endurbótum á Hólavallagarði. Eðlilegt þótti að Guðmundur Rafn hefði frumkvæði um að kalla saman vinnuhóp, sem yrði efniviður í þessa nefnd. Guðmundi Rafni var falið að tala við biskup til að koma á fundi um málefni Hólavallagarðs.

Þann 28. janúar 1999 boðaði biskup til fundar og þann fund sátu fulltrúar eftirtalinna stofnana:

1. Skipulagsnefndar kirkjugarða.
2. Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.
3. Reykjavíkurborgar.
4. Þjóðminjasafns.

¹ Réttara væri að segja Kirkjugarðaráð.

Nafn sendanda:
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Þskj. 1153-765. mál.

Á þessum fundi, sem biskup stýrði, var ákveðið að óska eftir því að ofangreindar stofnanir skipuðu menn í nefnd sem tækist á við þau verkefni sem fyrir hendi væru í Hólavallagarði. Nefndin kom saman á sinn fyrsta fund 1. nóvember 1999 og hefur hún starfað frá þeim tíma og gengur undir nafninu „*Þróunarnefnd Hólavallagarðs*“

Allt frá árinu 1997 hafa KGRP lagt mikinn metnað og fjármuni til að auka veg og virðingu Hólavallagarðs. Við stofnun Þróunarnefndarinnar kom til góður liðsauki og hefur mikið áunnist í þeim verkefnum, sem nefndin setti sem markmið að vinna að. Unnið hefur verið að viðgerðum eftir forgangsröð þeirrar skýrslu sem nefndin lét gera og þróuð hefur verið aðferð við viðgerðir minningamarka sem hefur reynst vel.

Tryggja verður að Þróunarnefndin (fagnefnd) vinni áfram við hlið þeirrar nefndar sem þingsályktunin gerir ráð fyrir að sett verði á laggirnar.

Á næst neðstu línu á bls. 4 stendur að Bautasteinn sé rit Kirkjugarða Reykjavíkur. Það er ekki rétt, blaðið er rit Kirkjugarðasambands Íslands.

Almennt.

Forráðamenn Kirkjugarða Reykjavíkur hafa um nokkurt skeið reynt að auka notkun nafnsins „Hólavallagarður“ í stað nafnanna „gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu“ eða „Suðurgötukirkjugarður“

F.h. stjórnar KGRP



Þórsteinn Ragnarsson,
forstjóri.

Nafn sendanda:
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Þskj. 1153-765. mál.



Alþingi
Erindi nr. P 130/2389
komudagur 8.5.2004

ÁRBÆJARSAFN - MINJASAFN REYKJAVÍKUR
Kistuhyl, 110 Reykjavík, Ísland * Sími 577 1111 * Bréfsími 577 1122
Kt. 521288-0189 * Netfang abs@abs.rvk.is * Veffang www.arbaejarsafn.is

7. maí 2004

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um tillögu til þingsáætlunar um varðveislu Hólavallarkirkjugarðs.

Undirritaðri hefur verið falið að veita umsögn fyrir hönd Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um varðveislu Hólavallarkirkjugarðs. Ekki er gerð athugasemd við að skipuð verði nefnd til að vinna að því að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á þeim menningarsögulegu verðmætum sem eru fólgin í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði, enda í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags um að garðinn beri að vernda.

Vakin athygli á orðalagi seinni liðar þingsályktunar sem er á þá leið að nefndin "... meti einnig hvort setja skuli lög um þjóðargersemar sem gildi m.a. um garðinn og hugi að því að fá hann viðurkenndan sem "Evrópuminjar" í ljósi þess hve einstakur hann er í Evrópu."

Ekki er skilgreint í tillögunni hvað hugtakið "þjóðargersemar" feli í sér. Benda má á þjóðminjalög nr. 107/2001, þar sem fjallað er um menningarsögulegar minjar, þ.m.t. fornleifar og minningarmörk í kirkjugörðum, en í þeim kemur hugtakið "þjóðargersemar" ekki fyrir. Það hlýtur að þurfa að meta hvort hægt er að tryggja varðveislu garðsins með friðlýsingu hans sem búsetulandslags, skv. 9. gr. þjóðminjalaga. Jafnframt er nauðsynlegt að fram fari umræða um hugtakið "þjóðargersemar" og hvort rétt sé að setja um þær sérstök lög og meta síðan hvað falli undir þá skilgreiningu. Þá er hægt að taka afstöðu til hvort Hólavallagarður friðaður sem slíkar minjar.

Virðingarfyllst,


Guðný Gerður Gunnarsdóttir
borgarminjavörður

Afrit:
Skrifstofa Borgarstjórnar Reykjavíkur

Alþingi
Erindi nr. P 130/2369
komudagur 7.5.2009

Til allsherjanefndar Alþingis

Í bréfi dags. 27. apríl s.l. er óskað eftir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um tillögu til þingsályktunar um varðveislu Hólavallagarðs, 765. mál.

Undirrituð fagnar tillögunni, sem mun stuðla að virðingu og varðveislu þeirra merku minja sem Hólavallagarður er í heild sinni. Eins og fram kemur

í greinargerð með tillögunni má segja að garðurinn sé merkt „minjasafn“

þar sem saga okkar birtist í hnotskurn. Gildi Hólavallagarðs frá sjónarhóli

þjóðminjavörslunnar felst ekki síst í þeirri heildarmynd, sem þar er varðveitt með einstökum hætti í evrópsku samhengi. Þjóðminjasafn Íslands

mun í starfi sínu eftir opnun safnsins þann 1. september n.k. leggja áhersl

á nálægð safnsins við hinn merka minjagarð. Nálægð safnsins mun gera Þjóðminjasafninu kleift að flétta slíkri miðlun inn í starfsemi safnsins og byggja þar á rannsóknum safnsins.

Má benda á að Þjóðminjasafn Íslands annaðist skráningu á öllum minningarmörkum Hólavallagarðs og eru heimildir þar um varðveittar í Þjóðminjasafninu. Skýrsla Þjóðminjasafnsins kom út árið 2001: Hólavallagarður. Kirkjugarðurinn við Suðurgötu. Skráning og rannsókn minningamarka. GunnarBollason. Skýrsluröð Þjóðminjasafns Íslands, 2001, 4. rit.

Með þessum rökum er óskað eftir því að Þjóðminjasafn Íslands eigi fulltrúa í nefnd ríkisstjórnar, sem mun gegna því hlutverki að tryggja varðveislu, uppbyggingu og kynningu á menningarsögulegum verðmætum í kirkjugarðinum við Suðurgötu, Hólavallagarði.

Virðingarfyllst,

Margrét Hallgrímsdóttir,
þjóðminjavörður